


Efni: Umsögn Internets á Íslandi hf. (ISNIC) um tillögu til þingsályktunar um vistkerfi fyrir hagnýtingu internetsins og réttindavernd netnotenda. Þingskjal 16 - 16. mál, 144. löggjafarþing 2014-2015.

ISNIC fagnar áhuga þingmanna á velferð Internetsins og möguleikum til hagnýtingar þess. Eins og tillagan er fram sett virðist megináhersla vera lögð á lagasetningu markmiðum hennar til framdráttar. ISNIC bendir á að lykilþáttur velgengni Internetsins er frelsi þess til að þróast og dafna á náttúrulegan hátt. Eðli lagasetningar er festa og stöðugleiki. Því telur ISNIC hættu á að lagasetning á þessu sviði setji hinu nauðsynlega frelsi Netsins skorður og verki hamlandi á framþróun þess. Myndi slíkt með afleiddum hætti rýra hvers kyns möguleika til verðmætasköpunar og hagnýtingar Netsins. Biðlar ISNIC til þingmanna að gæta fyllstu varúðar þegar kemur að því að setja lög á sviði Internetsins og leita heldur annarra færra leiða að hinum settu markmiðum, sem ISNIC telur góðra gjalda verð.

Virðingarfyllst, f.h. Internets á Íslandi hf.



Steindór Dan Jensen, lögfræðingur